

Skeiða-og Gnúpverjahreppi 13. febrúar 2015

Nefnasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Athugasemdir vegna breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar um breytingu á þingsályktun nr. 13/141 (áætlun um verndog orkunýtingu landsvæða) og frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar – 244. mál, 144. löggjafarþing.**

Við í stjórn Veiðifélags Þjósár, Kálfárdeild, mótmælum að virkjanir í neðri hluta Þjósár, þ.e. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun, verði fluttar úr biðflokki í nýtingarflokk. Veiðifélagið hefur mótmælt virkjununum og sent inn athugasemdir við þær oftar en einu sinni.

Hér kemur yfirlit yfir ýmsar samþykktir sem gerðar hafa verið á fundum félagsins.

### **Fréttatilkynning**

Veiðifélag hafnar virkjunum í Þjósá

Á aðalfundi Veiðifélags Þjósár, Kálfárdeild var samþykkt eftirfarandi ályktun þar sem skorað er á stjórn Landsvirkjunar að hætta við virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjósár, á sveitarstjórn Flóahrepps að hafna Urriðafossvirkjun í skipulagi sveitarinnar og sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps að fella bæði Hvamms- og Holtavirkjun út af skipulagi sveitarinnar.

Aðalfundur Veiðifélags Þjósár, Kálfárdeild, haldinn í Félagsheimilinu Árnesi, fimmtudaginn 21. júní 2007, lýsir þungum áhyggjum af virkjunaráformum Landsvirkjunar í neðri hluta Þjósár vegna gríðarlegrar röskunar á lífríki náttúrunnar í ánni og öðru vatnasvæði hennar, þ.á.m. í Kálfá, nái þessi virkjunaráform fram að ganga.“

**Eftirfarandi var sent til sveitastjórna á svæðinu:**

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 22. júní 2007

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Árnesi  
801 Selfoss

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á aðalfundi Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild.

Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild, haldinn í Félagsheimilinu Árnesi, fimmtudaginn 21. júní 2007, lýsir þungum áhyggjum af virkjunaráformum Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár vegna gríðarlegrar röskunar á lífríki náttúrunnar í ánni og öðru vatnasvæði hennar, þ.á.m. í Kálfá, nái þessi virkjunaráform fram að ganga. Skorar því fundurinn á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að fella bæði Hvamms- og Holtavirkjun út af skipulagi sveitarinnar.

Virðingarfyllst,

---

Árdís Jónsdóttir ritari Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 22. júní 2007.

Sveitarstjórn Flóahrepps  
Þingborg  
801 Selfoss

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á aðalfundi Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild.

Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild, haldinn í Félagsheimilinu Árnesi, fimmtudaginn 21. júní 2007, lýsir þungum áhyggjum af virkjunaráformum Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár vegna gríðarlegrar röskunar á lífríki náttúrunnar í ánni og öðru vatnasvæði hennar, þ.á.m. í Kálfá, nái þessi virkjunaráform fram að ganga. Skorar því fundurinn á sveitarstjórn Flóahrepps að hafna Urriðafossvirkjun í skipulagi sveitarinnar.

Virðingarfyllst,

---

Árdís Jónsdóttir ritari Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild

**Þessi frétt birtist í blöðum árið 2008**

## **Óánægja landeigenda**

Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild, var haldinn var í Árnesi 5. júní sl. Ýmislegt var rætt á fundinum, t.d. seiðasleppingar og útleiga á ánni.

Þá töldu fundarmenn afar óeðlilegt að Landsvirkjun stjórn vatnsrennsli Þjórsár með hagsmuni netaveiðibænda í lágsveitum Suðurlands að leiðarljósi. Einnig kom fram óánægja landeigenda við Kálfá vegna þess að ekkert er rætt við þá um hugsanlegar virkjanir í neðri hluta Þjórsár, jafnvel er látið að því liggja að þeim komi málið ekki við. Þeir telja sig að sjálfsögðu hafa beinna hagsmuna að gæta þar sem Kálfá rennur í Þjórsá. Virkjanir munu hafa mjög mikil áhrif á fiskigengd í Kálfá en undanfarin ár hefur verið unnið að því að byggja upp laxastofninn í ánni. Samþykkt var á fundinum að fara þess á leit við Landsvirkjun að boðað verði til fundar um málið með landeigendum við Kálfá.

Þrátt fyrir þetta hefur ekkert gerst, ekki talað eitt einasta orð við landeigendur við Kálfá og nú er komið árið 2015.

Veiði í Kálfá var boðin út s.l. haust og í framhaldinu var gerður samningur við leigutaka upp á 7.1 miljón á ári, samningurinn gildir í 4 ár. Í leigusamningum undanfarin ár hafa verið ákvæði lík og nú en þar stendur:

### **Ófyrirséðar aðstæður:**

*„Verði slík röskun á lífríki árinna þannig að hún verði óveiðanleg, svo sem vegna virkjunarframkvæmda í Þjórsá, náttúruhamfara eða annars slíks þá fellur samningur þessi úr gildi“.*

Bændur við ána eiga því mikilla hagsmuna að gæta en í öllu þessu hugmyndaferli um virkjanir í Þjórsá hafa þeir algjörlega verið hunsaðir. Það er óþolandi.

### **Virðingarfyllt,**

F.h. Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild,

Kristinn Marvinsson formaður Austurmýri 13, kt. 1605544959

Viðar Gunngейrsson Ásum, kt. 2709493049

Árdís Jónsdóttir Eystra-Geldingaholti, kt. 2710553079